



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 22. apríl 2026  
MSS26020084

**Svar vegna tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þvott og sópun stofnbrauta - MSS26020084**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. mars 2026 var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um þvott og sópun stofnbrauta. Tillagan var lögð fram á fundi borgarráðs, sbr. 4. liður, dags. 17. febrúar 2026 og vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs. Málinu var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs skrifstofu borgarlandsins. Tillagan hljóðar svo:

*„Borgarráð samþykkir að ráðast í þvott og sópun stofnbrauta í eigu Reykjavíkurborgar án tafar. Jafnframt verði umhverfis- og skipulagssviði falið að útfæra verklag vegna götuhreinsana yfir vetrartímann í Reykjavík. Þjónustuhandbók um vetrarþjónustu verði uppfærð með það fyrir augum að götuhreinsanir verði hluti vetrarþjónustu borgarinnar en þegar vetur er snjóléttur er mikilvægt að götur séu hreinsaðar svo draga megi úr svifryksmengun í andrúmslofti.“*

Varðandi framangreinda fyrirspurn um þvott og sópun stofnbrauta í Reykjavík má upplýsa að vetrarþjónusta borgarinnar fer með stýringu og framkvæmd þessara verkefna. Brugðist hefur verið við eftir því sem veður og aðstæður hafa leyft og þörf hefur verið metin og hafa götur í umsjá Reykjavíkurborgar verið sópaðar í þeim tilvikum. Sérstaklega var farið í aðgerðir um miðjan desember og aftur í lok janúar og svo í byrjun mars þegar aðstæður leyfðu, ekki er hægt að sópa í frosti. Almennt er unnið eftir því verklagi að bregðast við með sópun þegar veðurfar gerir það mögulegt að vetri til. Það hefur sjaldan ef nokkurn tíman verið farið jafn oft út að sópa göturnar líkt og gert var núna í vetur. Jafnframt er unnið að því að efla samstarf við Vegagerðina með það að markmiði að samræma verklag og viðbrögð enn frekar. Í því samhengi er unnið að þróun skýrari ferla um framkvæmd götuhreinsunar og er stefnt að því að tillögur þar að lútandi verði kynntar síðar á árinu.

F. h. Skrifstofu borgarlandsins

---

Karl Eðvaldsson  
Deildarstjóri reksturs og þróunar  
Skrifstofa borgarlandsins  
Umhverfis- og skipulagssvið